



Bjartskeggur litli

Einu sinni voru músahjón.
Þau áttu fimm börn.
Þau höfðu skegg.
Eitt hafði blátt skegg
og hét Bláskeggur.
Annað hafði grátt skegg
og hét Gráskeggur.
Þriðja hafði svart skegg
og hét Svartskeggur.
Fjórdá hafði bjart skegg
og hét Bjartskeggur.
Fimmta hafði ekkert skegg
og hét Skegglaus.

Þau áttu sér lítinn bæ.
Það var hola í vegg
niðri í kjallara.

Mamma sagði við börnin sín:
– Þið megið ekki fara upp á loft.
Þar er skóli fyrir börn.
Þangað má engin mús koma.
Börnin lofuðu að fara ekki upp á loft.

► **Hvað hétu systkini Bjartskeggs?**

Þegar mamma var farin út
sagði Bjartskeggur litli:
– Ég hef séð pípu úr járn.
Hún liggur upp héðan,
alla leið upp á loft.
Ég ætla að hlaupa
upp eftir henni.
Ég ætla að vita hvað ég sé.

– Þú mátt ekki fara upp,
sagði Bláskeggur litli.
Mamma bannar það.
– Þú ferð þér að voða,
sagði Svartskeggur.

– Ég fer samt, sagði Bjartskeggur.
Mamma var bara að hræða okkur.
Svo hljóp hann alla leið
upp eftir pípunni.
Gráskeggur og Skegglaus
kölluðu á eftir honum.
En Bjartskeggur heyrði ekki.

Bjartskeggur fór upp að loftinu.
Þar sá hann gat
með fram pípunni.
Hann fór upp um gatið.
Þá kom hann inn í stofu.

Það var skólastofa.
Þar voru stólar og borð
en þar var ekkert barn.
Bjartskeggur þefaði um allt.
Hann fann rúsínu úti í horni.
Hann át rúsínuna.

➤ **Hvað fann hann ætilegt í skólastofunni?**

Svo fór hann heim til sín.
Hann fór sér ekki að voða.

Næsta dag sagði Bjartskeggur:

– Nú er mamma farin út.
Nú skulum við öll koma upp.
Það er engin hætta,
ég var þar í gær.
Þar var enginn maður.
Þar fann ég rúsínu.
Mamma var bara að segja
þetta að gamni sínu.

– Ekki fer ég, sagði Gráskeggur.
– Ekki fer ég, sagði Bláskeggur.
– Ekki fer ég, sagði Svartskeggur.
– Ekki fer ég, sagði Skegglaus.
– Þá fer ég einn, sagði Bjartskeggur.
Og það gerði hann.

Bjartskeggur fór upp á loft.
Hann fór inn í skólastofu.
Þar var fullt af börnum.
– Þarna er mús, sagði eitt þeirra.
– Náðu henni! Náðu henni!
sögðu öll börnin í einu.

Músin varð hrædd og hljóp.
Hún hljóp og hljóp.
Börnin eltu hana.
Þau voru nærri búin að ná henni.
Hún var nærri dauð af hræðslu.

➤ **Af hverju eltu krakkarnir músina?**

Þegar þau voru að ná henni
þá skaust hún í holuna.
Þau náðu ekki Bjartskegg.
Hann komst heim til sín.

– Hvar varst þú, sagði mamma.
– Ég fór upp, sagði Bjartskeggur.
Ég fór upp í gær
en þar var enginn maður.
Ég hélt að það væri engin hætta.
Svo fór ég upp í dag.
Þá var þar fullt af börnum.
Þau eltu mig öll.
Ég var nærri dauður.
Ég hljóp og hljóp og hljóp.
Þau eltu mig en ég slapp.
Þau voru nærri búin
að ná í mig.
En ég slapp heim til þín,
blessuð mamma mín.

– Mikið barn ert þú, Bjartskeggur.
Veistu ekki að það er mánudagur?
Í gær var sunnudagur.
Á sunnudögum eru hér engin börn.
Þá er frí í skólanum.
Á mánudögum er skóli.
Þá koma öll börnin hingað.
Þú skalt trúá mér.
Ég veit meira en þú,
Bjartskeggur minn.

- **1. Hvers vegna voru engin börn í skólastofunni, þegar Bjartskeggur kom þar fyrst?**

Reyndu nú að læra af þessu.
Hlýðin börn eru góð börn.
Þau fara sér ekki að voða.
Óhlýðin börn eru slæm.
Þau fara sér að voða.
Lærðu að vera hlýðinn.

Þá sagði Bjartskeggur:
– Ég vissi ekki hvaða dagur var.
Nú skal ég læra dagana.
Ég er lítill og veit lítið.
Nú skal ég gæta mín betur.
En rúsínan var svo góð.

– Ég sagði þér þetta, sagði Bláskeggur.
– Ég sagði þér þetta, sagði Skegglaus.
– Já, og ég líka, sagði Gráskeggur.
– Já, og ég líka, sagði Svartskeggur.

– Látið Bjartskegg vera,
sagði mamma.
Það er ekki von að hann viti allt.
Hann er svo lítill enn þá.
Bráðum verður hann stór og vitur
og fer sér ekki að voða.

➤ **Nú skaltu segja einhverjum söguna af Bjartskeggi litla.**